# hér&nú

Fimmtudagur 14. desember 2006 – 49. tbl.
– 2. árgangur. Verð: 395 krónur.

AÐEINS 395 KRÓNUR





## FRIÐRIK ÓMAR & REGÍNA ÓSK

Í JÓLASTUÐI MEÐ HELSTU SÖNGDÍVUM ÍSLANDS

## BIRGITTA HAUKDAL

# VERÐ HJÁ MÖMMU OG PABBA UM JÓLIN

SELMA OG HANSA ÁSTIN SKIPAR STÓRAN SESS



LINDA PÉ Í FANTAFORMI Á BROADWAY



VIKTORÍA ÍSOLD HÆFILEIKARÍK EINS OG PABBI



9 771670 598005 36

GOSH®
COSMETICS




**Þrep 1**
**Hvítur undirmaskarinn inniheldur micro fiber sem styrkir og lengir hvert augnahár fyrir sig**

**Þrep 2**
**Svartur maskarinn er borinn á og augnahárin verða þéttari og lengri en nokkru sinni fyrr**

## GOSH Eye Catching 2Step Mascari

## er tveggja-þrepa maskari sem kemur nýrri vídd í augnumgjörðina þína með lengri og þéttari augnahárum

## Maskarinn er ILMEFNALAUS

# X – Ceptional Wear Make-up
# Hinn fullkomni farði frá Gosh!




**X- Ceptional**
farðin gefur
húðinni
náttúrulegt útlit.
Húðin verður
silki mjúk.

Viðheldur
eðlilegum
raka í húðini
Farðin helst
lengi á

Inniheldur
E- vítamín
UV Filter
Ilmefnalaus



# Skyr






## Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

KEA-skyr er frábær hollustuvara sem einungis er unnin úr náttúrulegum hráefnum. KEA-skyr er einstaklega næringarríkt, það inniheldur hágæða prótein og er fitulaust.

KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.

**FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA**

# hér&nú

## BIRGITTA KEMUR Á ÓVART

„Síðustu ár hafa jólin hjá mér bara verið 2 til 3 dagar og maður varla náð að slaka á þannig að munurinn er mikill. Það er eiginlega mjög skrítið að labba í bæinn og fá sér kaffi án þess að vera í stressi. Mér finnst eiginlega eins og ég sé að skrópa,“ segir Birgitta Haukdal söngkona, sem prýðir forsíðu Hér & nú þessa vikuna. Hún er meðvituð um að tíminn er það dýrmætasta sem hún getur gefið sjálfri sér og ekki síður fólkinu sem hún elskar.



Birgitta kom mér aldeilis á óvart því hún virðist eiga mjög auðvelt með að hrósa öðrum. Það eitt segir margt um hennar innri mann. Söngkonan er ein af þeim sem leyfir sér að fagna sólinni með jákvæðum huga og bjartsýni. Svo er hún líka fær um að leyfa öllu sem hún upplifir að kenna sér eitthvað jákvætt og fær með því aukna innsýn í líf sitt.

*Ellý Ármanns*

14



18-19



32-34



30




HRINGDU INN
PARTÍ EÐA FRÉTT
550 50 70

*Er veisla framundan? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Hringdu í Hér & nú ef þú lumar á fréttaskoti. Fréttaskotssímsvarinn okkar er 550 5070. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsíðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.*

Láttu vita!




FRÉTTASKOT hér&nú


# EFNISYFIRLIT


**6-7** hér&nú STJÖRNUR
Hemmi Gunn sextugur.

**8**
Geir H. Haarde valinn maður ársins.

**10-11**
Ragna Fróða kann að halda gott partí.

**12**
Hilmir Snær og dóttir hans Viktoría Ísold eru bæði með leiklistargenin.

**14**
Þeir eru alltaf í stuði Kormákur og Skjöldur sem opnuðu nýverið herrafataverslun.

**16**
Katrín Júlíusdóttir og Tinna Hrafnsdóttir kunna að elda jólamatinn.

**18-19**
Birgitta Haukdal í forsíðuviðtali Hér & nú.

**20** hér&nú LÍFSSTÍLL
Forval hefur hugað að snyrtivörum í hvorki meira né minna en 30 ár.

**22-27**
Erlendu molarnir hennar Hönnu.

**28**
Stefán Máni rithöfundur og kona hans Bryndís Blöndal í Gling-gló.

**30**
Nana söngkona heldur jólin hátíðleg með konu sinni sem hún giftist í sumar.

**32-34**
Hansa og Selma syngja lög og texta eftir konur.

**36-37**
Friðrik Ómar söngvari hélt jólapartí.

**38**
Björgvin Franz Gíslason kemur á óvart.

**40**
Jólatískan og Hrefna Rós, fallegasti kvenkokkur á Íslandi.

**42-43**
Ásdís Svava Hallgrímsdóttir átti ekki erfitt með að skella sér í bikiní fyrir Örninn.

**44**
Stjörnuspá Hér & nú fyrir vikuna fram undan.



365

**Útgáfufélag** 365 – prentmiðlar
**Útgefandi** Freyr Einarsson ábm
**Ritstjóri** Ellý Ármannsdóttir elly@365.is
**Ritstjórn** Hanna Eiríksdóttir hanna@hognu.is
Indíana Ása Hreinsdóttir Indiana@hognu.is
**Hér & nú** Skaftahlíð 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.
**Fax** Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075.
**Netfang** Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – **Auglýsingar**: auglysingar@hognu.is.
**Umbrot** 365 – prentmiðlar.
**Prentvinnsla** Ísafoldarprentsmiðja.
**Dreifing** Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# LINDA P GEISLAÐI Í 60 ÁRA AFMÆLI HEMMA GUNN



Linda Pétursdóttir og Þorgrímur Þráinsson brostu sínu blíðasta fyrir ljósmyndara Hér & nú. Linda var gullfalleg þetta kvöld.



Hemmi Gunn er kærleikskrútt og eldist svakalega vel. Húsfyllir var á Broadway til að hylla kappann.



Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson eldast vissulega líka vel. Þeir faðmast hér, enda sveif ástin yfir vötnum þetta kvöld.

## hér&nú KROSSGÁTAN

Lausn á krossgátu síðustu viku

NR. 17





Flugfreyjukórinn klikkar aldrei. Hér fylgist Hemmi með þeim snortinn yfir söngnum.



Ómar Ragnarsson hefur þekkt Hemma lengi. Hér leyfir hann gestum að heyra þeirra innstu leyndarmál í gegnum tíðina.



Þorgrímur hvíslar einhverju spennandi að Hemma.



Anna Lilja Pálsdóttir, Ívar Guðmundsson og Ásgeir Kolbeinsson ásamt Halldóru Maríu.





**Aðalsöguhetjan** *Geir Haarde hampar hér verðlaunagripnum sem aðalsöguhetjan í skopmyndum Halldórs Baldurssonar teiknara.*

### TOPP TÍU LISTI YFIR MENN ÁRSINS 2006:

1. Geir H. Haarde forsætisráðherra.
2. Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra.
3. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.
4. Davíð Oddsson seðlabankastjóri.
5. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra.
6. Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna.
7. Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings.
8. Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis.
9. Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans.
10. Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.

# GEIR VALINN MAÐUR ÁRSINS

Ákveðið var að útnefna mann ársins í tilefni af útgáfu bókarinnar 2006 í grófum dráttum eftir Halldór Baldursson skopmyndateiknara með meiru. Viðurkenninguna hlaut sá sem oftast kemur fyrir í bókinni og reyndist það vera Geir Haarde forsætisráðherra. Geir tók á móti viðurkenningu frá Halldóri Baldurssyni á útgáfuhátíð bókarinnar á Ölstofunni síðastliðinn föstudag. Þangað var öllum boðið sem teiknaðir eru í bókinni ásamt vinum, vandamönnum og velunnurum.



**Falleg fjölskylda** *Jón Baldvin mætti með Kolfinnu dóttur sinni og börnum hennar þeim Magdalenu og Starkaði en listamaðurinn Hallgrímur Helgason stillti sér upp við hlið Bryndísar Schram frænku sinnar.*



**Villi ánægður** *Borgarstjórinn Vilhjálmur ánægður með Halldór Baldurs og fyndnar skopmyndir hans.*



**Góðkunningjar Halldórs** *Árni Páll Árnason, Steinunn, Valdís og Kolbrún Halldórsdóttir auk annarra góðkunningja Halldórs Baldurssonar.*


Frábær jólatilboð hjá Sjón
Linsutilboð
3-ja mán. skammtur
aðeins
3.500,-
2 fyrir 1
Sérstök sending
af nýju 2007
línunni komin!
sjon
gleraugnaverslun
Laugavegi 62
sími 511 6699
www.sjon.is
sjon@sjon.is

**Ragna Fróða** fatahönnuður bauð gestum og gangandi inn í hlýjuna um helgina.

# JÓLASTEMMING Í MIÐBÆNUM

Ég er að flytja búðina í janúar og vildi kveðja þennan stað með smá jólagleði," segir Ragna Fróðadóttir fatahönnuður sem hannar undir merkinu Path of love og ætlar að flytja samnefnda verslun og vinnuaðstöðu sína af Laugaveginum og upp á horn Kárastígs og Frakkastígs eftir áramót.

### Alvörujólaskap á aðfangadag

Margt var um manninn í jólgleðinni en gestir og gangandi gátu kíkt inn í hlýjuna til Rögnu og notið veitinga og horft á skemmtiatriði auk þess sem tískuráðgjöf og happadrætti var í boði. Ragna er komin í mikið jólaskap og segir mikið líf og fjör á Laugaveginum.

„Sunnudagurinn var síðasti frídagurinn minn fyrir jólin og ég notaði daginn í að baka með stelpunum mínum. Jólaskapið kemur svo fyrir alvöru þegar ég verð búin að loka á aðfangadag. Ég er mjög sátt við það fyrirkomulag og svo hef ég það afar huggulegt yfir jólin," segir Ragna og bætir við að það sé ákveðin stemming að vera í verslunarbransanum á þessum tíma. „Sérstaklega hérna í miðbænum. Hér fær maður hátíðarstemminguna beint í æð frá kúnnunum enda eru flestir í góðu skapi við jólagjafakaupin."

### Kvenleg en þægileg tíska

Aðspurð segir Ragna bláan lit vera aðallitinn um jólin. „Við erum allavega mikið með bláan lit og erum að nota mikið satínsilkiefni. Annars eru litirnir um jólin dimmir eins og oft verður á þessum árstíma. Tískan er mjög kvenleg, sniðin eru laus og víð, síðpilsin eru að koma aftur og mittið á buxunum er hátt uppi." Ragna segir að tískan hennar sé tímalaus og klassísk en kúnnahópurinn er aðallega konur um þrítugt og upp úr.

„Svo er náttúrulega málið að klæða sig eftir veðri enda eru konur ekkert að kaupa mikið af flegnu. Tískan breytist samt þegar dregur nær áramótum og þá fara þær í ballklæðnaðinn í sambland við hátíðarfatnaðinn. Annars hef ég líka verið að sauma mikið af brúðarkjólum því jólin og áramótin eru alltaf vinsæll tími til að láta pússa sig saman."

*indiana@hognu.is*

*Ljósmyndir: Stefán Pálsson*



**Path of love** *Ragna Fróða ásamt Áróru afgreiðslustúlku.*



**Taumlaus gleði** *Leikkonurnar Arndís Hrönn Egilsdóttir, Halldóra Geirharðsdóttir og Ólafía Hrönn Jónsdóttir skemmtu gestum og gangandi.*

# SLAKAÐ Á KORTER Í JÓL

**Starfsfólk 365 tók sér pásu frá jólaundirbúningnum í höfuðstöðvum fyrirtækisins um síðustu helgi. Það vakti athygli Hér & nú hve Heimir Jónasson, dagskrárstjóri Stöðvar 2, ljómaði með dóttur sína í fanginu.**



**Flottar** *Anna Margrét Björnsson, ritstjóri Reykjavikmag, og Hanna Björk Valsdóttir ritstjórnarfulltrúi.*



**Kampakátur** *Óli Tynes fréttamaður.*



**Alvörugefnir** *Jón Mýrdal og Garðar Örn Úlfarsson blaðamenn.*



**Í góðu stuði** *Heimir Jónasson, dagskrárstjóri Stöðvar 2, með dóttur sína Silju Björk í fanginu, Jón Kaldal, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins, og Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar.*







**Saxófónsóló** *Hannes – eða Smári – tók saxófónsóló með miklum tilþrifum.*

**Margt um manninn** *Ragna Fróða bauð gestum og gangandi upp á skemmtiatriði, léttar veitingar, tónlistaratriði, happadrætti og tískuráðgjöf.*



**Jólaspjall** *Ragna á spjalli við viðskiptavini.*



**Gestir** *Stanslaus gestagangur var allan laugardaginn þegar Ragna Fróða var með opið hús í verslun sinni.*



**Inn úr kuldanum** *Margir gestir Laugavegarins notuðu tækifærið og hlýjuðu sér inni hjá Rögnu Fróða sem bauð upp á léttar veitingar.*



**Hannes og Smári** *Lolla og Dóra slógu í gegn í gervi Hannesar og Smára.*



**Dragkóngur** *Halldóra Geirharðs var alveg drepfyndin.*



**Jólagleði** *Mikið fjör var í jólagleði Rögnu Fróða.*

# ÁSTFANGIN Á BISTRÓ

Andrés Pétur Rúnarsson fasteignasali hefur opnað veitingastaðinn Bistró á Laugaveginum. Aðalheiður Ólafsdóttir, eða Heiða söngkona sem margir kannast við úr Idol-keppninni 2005, stóð við hlið Andrésar geislandi sæt. Ástin skein af parinu þegar nýi staðurinn var opnaður.



**Kátar** *Íris Bender og Stella Kristinsdóttir.*



**Samfagna fasteignasalanum** *Jóhanna Karlsdóttir, Selma Ragnarsdóttir og Sigurbjörn Eiríksson.*



**Ástfangin** *Heiða Idol og Andrés Pétur.*

# HÆFILEIKARÍK EINS OG PABBI



**Hæfileikaríkir krakkar** *Þau héldu athygli ungra áhorfenda alla sýninguna. Svo var boðskapurinn líka með eindæmum góður.*



**Ekki laust við að svipur sé með þeim** *Hilmir Snær og dóttir hans Viktoría Ísold.*

Austurbær frumsýndi síðasta laugardag frumsamið barnaleikrit – Jólafárið eftir Kikku. Þetta er stórskemmtileg og fyndin barnasýning. Verkið er sett upp af Barna- og unglingaleikhúsi Austurbæjar og er þetta önnur uppfærsla þeirra.

Hilmir Snær Guðnason stillti sér upp með 12 ára dóttur sinni, Viktoríu Ísold, í lok sýningarinnar en hún hefur greinilega erft hæfileikana frá pabba sínum. Hún leikur garðálf í verkinu og stendur sig áberandi vel á sviðinu í Austurbæ.



**Leikararnir í Jólafárinu** *Það ríkir áberandi mikil gleði á sviðinu í Austurbæ þessa dagana.*

# Bókin sem fólk VILL lesa!

## Hún opnaði fólki leið út í lífið.




Guðrún er sem þjóðsagnapersóna
og ekki að undra:
**Skemmtileg og skorinorð**
**– og skilningsrík**




Ellert B Schram
Toppmaður
í toppsætum!




Fólk á skilið
að fá skemmtilega bók!




Æsispennandi
framhald
Leynilandsins.




Gullfalleg og skemmtileg bók
eftir tvo meistara máls og mynda.




Glettinn texti og fínar,
spaugsamar myndir eftir verðlaunahöfund.

BÓKAÚTGÁFAN
ÆSKAN

*Kormákur Geirharðsson* og *Skjöldur Sigurjónsson* tóku gestum og gangandi opnum örmum þegar Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar var opnuð í Kjörgarði að Laugavegi 59. Hér & nú tók innanbúðardrenginn *Þorlák Einarsson* tali.

# ENGIN LOGNMOLLA *Í KRINGUM KORMÁK OG SKJÖLD*



Kormákur og Skjöldur með Þorlák innanbúðardreng, eins og hann kýs að kalla sig, á milli sín.

„Móttökurnar hafa verið mjög fínar," segir Þorlákur Einarsson innanbúðardrengur í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. „Konur eru vissulega velkomnar. Ef þær þekkja stærðirnar, þá get ég aðstoðað þær að velja fatnað á herrana," segir hann og bætir við: „Við tökum vel á móti þér og dekrum við þig þegar þú kemur."

## Ekkert djamm – bara fjör

„Þeir eru prýðisgóðir yfirmenn," svarar Þorlákur aðspurður um Kormák og Skjöld og bætir við til fróðleiks að hann hafi unnið fyrir þá í níu ár. „Þetta eru eðalmenn," segir hann sáttur.

Spurður hvort mikið djamm fylgi verslunarævintýrinu segir hann: „Nei, nei, ekkert djamm. Bara fjör. Ástæðan fyrir því að ég tolli lengi í vinnu hjá þeim er að það er alltaf eitthvað nýtt og spennandi að gerast. Það er engin lognmolla í kringum þá. Það er mikil vinna framundan en þetta er skemmtilegt starf þótt ég verði ansi lúinn á aðfangadagskvöld."

*elly@365.is*

*Ljósmyndir: Hrönn Axelsdóttir*



Skemmtileg stemming ríkir í Herrafataversluninni sem er að sögn Skjaldar með mesta hattaúrval landsins.



Selma Ragnarsdóttir og Hildur Hákonar mættu þegar verslunin var opnuð í Kjörgarði.



Kormákur og Skjöldur.



# Uppáhaldskaffið

á augabragði með **Senseo**



**Senseo** Original



**Senseo** City Sensation





**Senseo** Café Noir



**Senseo** Selection

Veldu þá Merrild kaffipúða sem þig langar í og eftir andartak eru tilbúnir einn eða tveir bollar af ilmandi úrvalskaffi.

Með Philips **Senseo** kaffivélinni og Merrild **Senseo** kaffipúðunum nýtur þú þess að fá þér afbragðsgott kaffi án nokkurrar fyrirhafnar hvenær sem þig lystir.

Senseo

Merrild PHILIPS

**Seiðandi bolli af nýlöguðu kaffi**



**Katrín Júlíusdóttir** alþingiskona er grænmetisæta en eldar jólasteikina handa karlmönnunum í fjölskyldunni.

**Hnetusteik með öllu tilheyrandi**
*„Sjálf ætla ég að borða hnetusteik með öllu tilheyrandi," segir Katrín Júlíusdóttir alþingiskona um jólamatinn. Katrín hefur boðið pabba sínum og öðrum bróður sínum í mat á aðfangadagskvöld svo þau verða líklega fjögur með syni hennar.*

# HNETU- OG HEFÐBUNDNAR JÓLASTEIKUR Á AÐFANGADAGSKVÖLD

## Með kjötætur í mat

„Karlmennirnir sem verða hjá mér í mat eru kjötætur og ég verð að hugsa um okkur öll og ætla því að elda hnetusteik fyrir mig og svo geri ég eitthvað gott handa þeim. Í fyrra steikti ég handa þeim kalkún en þar sem ég sat lengi uppi með afganginn af honum er ég að hugsa um að gera eitthvað annað í ár. Ég á bara eftir að semja við þá hvað það verður," segir Katrín og bætir við að allir fái það sem þeir vilji í matinn á aðfangadagskvöld hjá henni. „Þeir hafa stundum hjálpað mér í eldhúsinu og sérstaklega með desertana en aðalréttinn vil ég helst gera sjálf. Dagsdaglega eru bara ég og sonur minn í mat og ég hef svo gaman af því að elda og sérstaklega svona sparimat þannig að ég hleypi þeim ekki svo auðveldlega inn í eldhúsið þegar ég fæ loksins tækifæri til að elda flott á jólunum."

## Gengur um með nestisbox

Katrín gerðist græmetisæta fyrir tæpum tveimur árum og segist finna mikinn mun á sér eftir að hún breytti um mataræði. „Ég borða samt fisk til að fá prótein og hollu fituna en ég hef verið á þessu mataræði lengi og líður svo miklu betur. Það er ekki hægt að líkja því saman. Ég var þessi týpíska íslenska kona og borðaði á þönum og þá óhollan mat en núna geng ég um með nestisbox og plana daginn. Þetta kemst fljótt upp í vana og ég er ánægð með þessa breytingu. Ég borða ekki heldur sykur og bý því til mitt eigið konfekt og deserta en ef það er eitthvað voðalega gott á boðstólum fæ ég mér kannski einn, tvo mola en hitt er meginreglan."

*indiana@hognu.is*
*Ljósmyndir: Anton Brink*

## KAKÓ- OG BLÁBERJABOMBA AÐ HÆTTI SOLLU GRÆNU OG KATRÍNAR:

*Botn:*
**2 1/2 dl heslihnetur og möndlur**
**1/2 dl sesamfræ**
**1/2 dl hreint kakóduft**
**2 hrískökur**
**15 döðlur – leggja í bleyti í 15 mínútur**
**15 apríkósur (þessar svörtu lífrænu) – leggja í bleyti í 15 mínútur**
**1 og 1/2 banani skorinn í bita**
**Handfylli af bláberjum**



*Ber:*
**1 box af hindberjum**
**1 box af bláberjum**
**1 box af brómberjum**
**2 stilkar af rifsberjum**

*Sósa:*
**Kókosflögur**
**2 dósir soyajógúrt með tropical fruit-bragði**
**1 dl soyamjólk**

***Aðferð:*** *Setjið möndlur og hnetur í matvinnsluvél og malið frekar smátt og hellið í skál. Bætið sesamfræjum, vanilludufti og kakódufti í skálina. Myljið hrískökur í höndunum og skerið banana í bita og bætið út í. Hellið nú vatninu af döðlunum og apríkósunum og maukið í matvinnsluvél. Blandið öllu vel saman (mér finnst best að skella á mig gúmmíhönskum og nota hendurnar) þar til deigið límist vel saman. Setjið í form og geymið í 30–60 mínútur í frysti og þá er botninn tilbúinn. Hann má auðvitað geyma í frysti lengur og eiga tilbúinn þegar gesti ber að garði.*
*Öllum berjunum er hellt yfir botninn og rifsberjastilkarnir notaðir ofan á til skrauts. Nokkrar kókosflögur eru settar ofan á miðja kökuna til skrauts. Soyajógúrtinni og -mjólkinni er hrært saman þar til mjúk sósan er tilbúin. Bætið að lokum við nokkrum kókosflögum í sósuna. Berið fram sér.*

---

*Tinna Hrafnsdóttir* verður á faraldsfæti um jólin.

# NÝT JÓLAUNDIRBÚNINGSINS EINS OG JÓLANNA SJÁLFRA

Ég finn að jólin eru á næsta leiti og er komin í jólaskap enda finn ég alltaf fyrir sterkri tengingu við barnssálina í kringum jólin," segir Tinna Hrafnsdóttir leikkona sem verður á faraldsfæti um jólin. „Fyrri hluta kvöldsins ætlum við að vera hjá móður minni, borða þar og opna pakkana, en síðar um kvöldið endum við hjá tengdaforeldrum mínum," segir Tinna og bætir við að hún fái bestu önd sem hægt sé að fá en það er mamma hennar sem matreiðir á einstakan hátt.



Aðspurð um jólahefðirnar segist Tinna heimsækja leiði beggja afa sinna og móðurömmu á aðfangadag og fara í kirkju. „Ég bý líka alltaf til krans og skreyti heimilið mitt með seríum og baka smákökur. Svo er alltaf voðalega gaman að keyra um og skoða jólaskreytingarnar sem eru oft á tíðum stórskemmtilegar."

Tinna á margt eftir í jólaundirbúningnum en lætur stressið ekkert á sig fá. „Ég er langt frá því að vera búin. Að klára sumt á síðustu stundu er fyrir mér líka hluti af stemmingunni, en innan vissra marka þó. Ég hef mjög gaman af jólaundirbúningnum og reyni alltaf að gefa mér góðan tíma í hann. Það er ekki síður mikilvægt að geta notið undirbúningsins eins og jólanna sjálfra."

Þegar Tinna er innt eftir góðri uppskrift tengdri jólunum segist hún eiga góða uppskrift að skemmtilegum jólum. „Hráefnið er ást, tími, gleði, vinátta og slatti af jákvæðni. Magn hvers hráefnis ákvarðast af því hvar þörfin er mest. Bakist í hlýlegu umhverfi," segir Tinna glaðlega að lokum. *indiana@hognu.is*



**Gómsæt önd á aðfangadag** *„Fyrri hluta kvöldsins ætlum við að vera hjá móður minni, borða þar og opna pakkana en síðar um kvöldið endum við hjá tengdaforeldrum mínum," segir Tinna.*

gling gló

# Jólafötin og allt í mjúku pakkana!

## Lego-barnafatnaður og Grunt-unglingaföt

Opið alla daga
frá kl. 9-22



LEGO WEAR

GRUNT

Iðu-húsinu Lækjargötu 2 • Sími 552 7682 • www.glingglo.is

Jólin eru á næsta leiti og því verða allar konur að fá sér ný og falleg föt. Hér & nú heyrði í nokkrum þekktum flottum konum og forvitnaðist um jólafötin þeirra.

# FLOTTAR KONUR Í JÓLASKAPI



**Björg Þórhallsdóttir** *Með 60 ára gamalt ættardjásn um hálsinn.*

## JÓLAHALDIÐ MÓTAST AF VINNUNNI

„Ég er búin að vera í jólaskapi síðan í ágúst þegar ég byrjaði að hljóðrita plötuna mína," segir Björg Þórhallsdóttir söngkona sem er að gefa út jólaplötuna Himnarnir opnast – jólaperlur. Björg er mikil jólastelpa en pabbi hennar var prestur og jólin voru því alltaf mikill hátíðartími á æskuheimilinu. „Alveg frá því ég byrjaði að syngja hafa jólin verið mikill annatími og jólahaldið mótast af atvinnunni. Í æsku mótaðist jólarútínan af því hvenær pabbi var að messa en frá því að hann lést hefur mitt söngstarf tekið við. Annars reynum við að hafa þetta sem einfaldast og njóta þess að vera saman," segir Björg og bætir við að hún hafi þegar keypt sér nokkur jóladress. „Það eru margir tónleikar fram undan og það gengur ekki að koma fram í sama kjólnum tvisvar," segir hún brosandi.

Aðspurð segist Björg alltaf borða svínahamborgarhrygg á jólunum en að hún ætli að fara rólega í veisluhöldin að þessu sinni. „Ég er í krónísku aðhaldi allan sólarhringinn, allan ársins hring, og jólin eru þar engin undantekning, þótt það takist auðvitað misvel. Við höfum fært hollustuna meira inn í jólamatinn og mig langar síður nú í þennan þunga og mikla mat sem maður borðaði áður." Björg ætlar ekki að baka neitt fyrir þessi jól en ætlar að skera út laufabrauð með fjölskyldunni. „Ég er eiginlega hætt að baka en við sleppum ekki laufabrauðinu. Því fylgir mikil hátíðarstemning og þar reynum við að laða fram einhverja listræna hæfileika."



**Alexía Björg** *Hún keypti sér þennan fallega kjól í London.*

## Í JÓLASKAPI TIL TILBREYTINGAR

„Ég er komin í svakalegt jólaskap sem kemur á óvart þar sem ég er yfirleitt ekki spennt fyrir jólunum," segir Alexía Björg Jóhannesdóttir leikkona og bætir við að snjórinn hafi reddað jólaskapinu. „Ég hef ekki verið mikið jólabarn síðustu árin og hef frekar látið jólin fara í taugarnar á mér en ég finn að það mun breytast í ár. Skammdegið mun ekki hafa áhrif á mig á meðan snjórinn er hér," segir Alexía og bætir við að hún sé þegar búin að kaupa sér fallegan jólakjól. „Ég datt inn í litla búð í London um daginn og keypti mér senjorítu-kjól sem ég er mjög ánægð með. Ég kaupi mér yfirleitt ný föt fyrir jólin og sér í lagi náttföt til að vera í á jóladagsmorgni."

Alexía segir að þrátt fyrir að hún hafi hingað til ekki verið mikið jólabarn haldi hún fast í hefðir tengdar jólunum. „Ég erströng á hefðir sem ég tek frá foreldrum mínum og finnst til dæmis agalegt þegar fólk opnar jólakortin fyrir jól og geri það ekki sjálf fyrr en eftir matinn á aðfangadagskvöld."



**Katla Margrét** *Fékk þennan fallega kjól í Kúltúr.*

## AFSLÖPPUÐ FYRIR JÓLUNUM

„Ég hef ekki tíma til að vera komin í jólaskap og ætla að bíða með það þangað til um miðjan desember," segir Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikkona. Katla segist vanalega borða annað hvort önd eða gæs á aðfangadagskvöld. „Ég ætla að baka tvær sortir, súkkulaðibitakökur og piparkökur sem ég skreyti með syni mínum sem er átta ára," segir Katla Margrét og bætir við að hún sé mikið jólabarn. „Ég er samt eiginlega meira aðventubarn og hef mjög gaman af biðinni eftir jólunum og undirbúningnum. Ég læt stressið alls ekki fara með mig og er frekar afslöppuð yfir þessu."

Aðspurð hvort hún eigi einhver ráð handa þeim sem fara á límingunum á þessum tíma segir hún besta ráðið að taka því rólega. „Bara anda rólega og ekkert að vera að ryðja öllu úr skápunum heldur njóta þess að sitja með kertaljós og hlusta á rólega tónlist. Ég verð að vísu að frumsýna um jólin leikritið Bakkynjur sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu. Það verður törn í vinnunni en ég er orðin vön jólasýningum og tek vinnuna ekki með mér heim."



**Vanda sig við jólapakkana** *Einbeitingin skín úr andlitum ömmunnar Margrétar Blöndal og barnabarnsins Breka.*

# STOLT AMMA



**Alveg brjálæðislega montin amma** *Margrét hlakkar til að fá að hafa ömmustrákinn hjá sér á jólunum.*

„Ég er mjög íhaldssöm varðandi jólahefðirnar og það má ekki mikið út af breyta,“ segir Margrét Blöndal útvarpskona. Margrét er að norðan og er því alin upp við laufabrauðsgerð en hún býr nú á Akureyri. „Eitt af því sem ég held fast í er laufabrauðið og við erum þegar búin að skera út og steikja,“ segir Margrét og bætir við að jólakortaskrifin séu einnig ákveðinn hluti af jólaundirbúningnum.

„Mér finnst voðalega notalegt að setjast niður og skrifa jólakortin og skrifa þá oft lítil ársuppgjör á kortin. Þessi athöfn er góð fyrir sálina því þá sest ég niður og hugsa um fólkið sem mér þykir vænst um,“ segir hún og bætir við að henni þyki einnig gaman þegar hún hafi tíma til að dúlla sér við að pakka inn gjöfunum.

## Ný jól með nýjum minningum

„Ég er komin í jólastuð. Ég var lasin í viku og þegar ég komst á fætur var búið að skreyta allan bæinn og jólin voru komin. Sjálf er ég búin að setja upp seríurnar og dúllast eitthvað og ég er alls enginn mínímalisti þegar kemur að jólaskrauti,“ segir hún hlæjandi.

„Ég byrjaði að kveikja á kertum um leið og það byrjaði að dimma og svo mun ég setja upp skrautið fljótlega. Ég á mikið af jólakúlum sem sem voru á jólatré mömmu og pabba og mér þykir alveg ofsalega vænt um það skraut enda eru jólin fyrst og fremst minningar auk þess sem með hverjum nýjum jólum býr maður til nýjar minningar.“

## Montin af ömmustráknum

Margrét á tvær dætur og er orðin stolt amma hins tveggja ára Breka Blöndal Egilssonar. Aðspurð segir hún jólin enn skemmtilegri nú þegar lítið barn sé komið í fjölskylduna. „Ég held að þau ætli að vera hjá mér á aðfangadagskvöld en annars eru þau ekki búin að ákveða það.

Ég er alveg brjálæðislega montin amma og hlakka mikið að geta eytt jólunum með ömmustráknum. Dætur mínar hafa að vísu aldrei vaxið upp úr jólaandanum, ekkert frekar en mamma þeirra, svo við höfum alltaf átt voðalega góð jól saman.

## Jól eins og mamma gerði

Við mæðgurnar byrjum jólastússið okkar alltaf á sama jólalaginu sem heitir Mamma, en textinn fjallar um það sem hendir flesta á aðventunni, að hugsa til baka til bernskujólanna. Eftir að ég fór að búa sjálf hefur jóladraumurinn minn verið að búa til jól eins og mamma mín gerði,“ segir hún en Margrét hefur þó breytt út af venjunni að elda svínahamborgarhrygg á aðfangadagskvöld eins og hún vandist í æsku.

„Síðustu árin hef ég eldað kalkún en í fyrra lét ég tengdasoninn um eldamennskuna en var honum til aðstoðar,“ segir hún en viðurkennir ekki að það hafi verið erfitt að gefa hlutverkið frá sér. „Þetta var bara skemmtilegt og ágætis námskeið í því að vera ekki of stjórnsöm,“ segir Margrét að lokum.

*indiana@hognu.is*

**Hugsar til æskujólanna** *„Eftir að ég fór að búa sjálf hefur jóladraumurinn minn verið að búa til jól eins og mamma mín gerði.“*



# 30 ÁRA AFMÆLI FORVALS

Já, við héldum stóra veislu. Þetta var mjög góður dagur. Það voru hátt í 300 manns sem glöddust með okkur. Heillaóskir, blóm, gjafir og ræður einkenndu daginn. Við fengum tónlistarfólk til að skemmta gestum og Margrét Frímanns las upp úr bók sinni. Við buðum vinum og starfsfólki, bæði núverandi og fyrrverandi, sem hefur unnið með okkur í gegnum tíðina," segir Fjóla G. Friðriksdóttir eigandi Forvals ánægð með daginn.

„Við byrjuðum fyrir 30 árum á því að flytja inn leikföng. En fyrir 10 árum hófum við að flytja inn snyrtivörur fyrir dömur og herra og höfum sinnt því vel Það þarf að halda vel utan um öll fínu merkin sem við erum með. Þar má nefna Chanel, Guerlain, Elizabeth Arden, Marbert, Gosh, Cartier, Givenchy, Moschino og Burberry, Max Mara, Agent Provocateur og Roberto Cavalli."


Starfsfólk Forvals í jólagír.


„Í dag starfa 3 karlmenn og 18 konur hjá okkur," segir Fjóla eigandi Forvals.


Guðrún Edda og Jóhann Friðrik eru börn eigenda Forvals.


Heiðar Jónsson og Anna María Jónsdóttir.


Baddi og félagar fengu athygli stúlknanna.


Fjóla G. Friðriksdóttir og Haraldur Jóhannsson eiginmaður hennar hafa rekið Forval í 30 ár.


Föngulegur hópur kvenna var á staðnum.


Gréta Boða sölu- og kynningardama Chanel.







# Hefurðu hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru?



Með því að slaka aðeins á og nýta orkustöðvarnar má oft komast að farsælli niðurstöðu. Hefurðu til dæmis hugleitt hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar?

Bensínfrelsi Orkunnar gefur svo enn meiri afslátt eða 3 kr. í viðbót.



*Þegar ég leiddi hugann að því hvað má spara mikið á Orkustöðvunum, þá ákvað ég að snúa mér þangað. Guðjón Bergmann, jógakennari og rithöfundur.*

**Fram að jólum er 2 krónu afsláttur á einni Orkustöð á dag. Stöð dagsins er auglýst í útvarpinu.**



Lárus & Lárus




ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

# UPPÁHALDI

## FRÁ SÆTASTA BARNINU TIL FLOTTASTA

### SÆTASTA BARNANAFNIÐ





- [ ] KINGSTON
- [ ] SURI
- [ ] MOSES

### SÆTASTA BUMBAN





- [ ] TORI SPELLING
- [ ] HEIDI KLUM
- [ ] MAGGIE GYLLEN-HAAL

### FYNDNASTA MAMMAN





- [ ] REESE WITH-ERSPOON
- [ ] KATE HUDSON
- [ ] HEIDI KLUM

### TÍSKUTÁKN FRAMTÍÐARINNAR





- [ ] BROOKLYN
- [ ] MADDOX
- [ ] LOURDES

# Ð ÞITT ER...

## A LÍKAMANS. VELDU ÞITT UPPÁHALD.

### FRÚ ROBINSON FRAMTÍÐARINNAR





- ☐ SUSAN SARANDON
- ☐ SHARON STONE
- ☐ MADONNA

### HEITASTI LÍKAMINN EFTIR BARNSBURÐ





- ☐ JENNIFER GARNER
- ☐ ANGELINA JOLIE
- ☐ GWEN STEFANI

### FLOTTASTI EINHLEYPI PABBINN





- ☐ JUDE LAW
- ☐ CHARLIE SHEEN
- ☐ LENNY KRAVTIZ

### FLOTTASTA EINHLEYPA MAMMAN





- ☐ DENISE RICHARDS
- ☐ REESE WITH-ERSPOON
- ☐ TERI HATCHER

Framhald á næstu síðu

## STÍLISERAÐASTI PABBINN





☐ BEN AFFLECK
☐ WILL SMITH
☐ DAVID BECKHAM

## STÍLISERAÐASTA MAMMAN





☐ VICTORIA BECKHAM
☐ GWEN STEFANI
☐ DEMI MOORE

## KYNÞOKKAFYLLSTI PABBINN





☐ BRAD PITT
☐ RYAN PHILLIPPE
☐ HEATH LEDGER

## KYNÞOKKAFYLLSTA MAMMAN





☐ CINDY CRAWFORD
☐ JENNIFER CONNOLLY
☐ CATE BLANCHETT

Heather Locklear og David Spade

# EINMITT, BARA VINIR

Af hverju hætta þau ekki þessum blessaða feluleik og viðurkenna að þau séu saman? Það er öllum alveg sama og ef eitthvað er, þá viljum við bara að þau séu hamingjusöm.

Þessar myndir voru teknar af Heather og David í fríi á Hawaii. Við viljum endilega sjá þau saman og hamingjusöm. En kjút.



**Komin í frí** *Heather Locklear og David Spade nýlent á Hawaii. Þau eru passasöm að vera ekkert að snerta hvort annað.*



**Blómleg** *Ekta Hawaii-par. En sætt.*



**Afslöppun** *Parið sleikti ekki bara sólina. Hér eru þau frekar sportleg.*

Nýjasta vinagrúppan í svaka stuði

# BESTU VINIR Í HEIMI

Tomkat-hjónin létu sig ekki vanta á frumsýningu nýjustu myndar Wills Smith sem ber heitið Pursuit of Happyness, enda eru þau svo miklir vinir. Jennifer Lopez og eiginmaður hennar Marc Anthony mættu einnig á svæðið en þau voru ásamt Will Smith og frú í brúðkaupi Tomkat.

Þau eru öll greinilega miklir vinir. Sem er gott því annars ættu Tom og Katie enga. Það er alveg á hreinu.



**Stórmyndarleg fjölskylda** *Will Smith ásamt genginu sínu, Jadu Pinkett-Smith og börnum. Yngsti sonurinn leikur með honum í myndinni.*



**Bestu vinir að eilífu** *Tom Cruise og Katie Holmes hlæjandi að vanda. Marc Anthony, eiginmaður Jennifer Lopez, brosti meira að segja. Það gerist ekki oft.*

# SVO FALLEG FJÖLSKYLDA

## Jolie-Pitt á ferð og flugi

Æi, hún er svo sæt, Jolie-Pitt-fjölskyldan. Þau eru stödd í New York þessa dagana að kynna nýjustu kvikmynd Angelinu, The Good Shepherd. Það er gaman að sjá hvað þau eru dugleg að taka börnin sín með sér hvert sem þau fara. En okkur langar að fara að sjá Shiloh litlu.



**Sæt hjá pabba** *Zahara er algjört krútt í faðmi pabba síns.*



**Myndarleg fjölskylda** *Angelina, Brad og börnin eru fyrirmyndarfjölskylda.*



# FURÐULEGUSTU



**Lyle Lovett og Julia Roberts** *Hann var feimni kántrísöngvarinn og hún var stærsta stjarna í heimi. Þau giftu sig 1993 en skildu aðeins tveimur árum síðar.*



**Liza Minelli og David Guest** *Eitt skrýtnasta par sem sést hefur á yfirborði jarðar. Gifting þeirra var sýnd í beinni í sjónvarpinu og hlupu margir inn á klósett er þau sáust í fyrsta sinn sem hjón. Þau voru gift í eitt og hálft ár.*

**Whoopi Goldberg og Ted Danson** *Þau voru góðir vinir og léku saman í kvikmyndinni Made in America. Danson var enn giftur þáverandi eiginkonu sinni er hann hóf ástarsamband við Whoopi. Sambandið varð þó ekki langlíft.*





**Whitney Houston og Bobby Brown** *Whitney var hin fullkomna poppstjarna. Saklaus og alltof sæt. Svo kynntist hún rapparanum og slæma stráknum Bobby Brown. Við vitum öll hvernig sú saga endaði.*



**Lisa-Marie Presley og Michael Jackson** *Poppprinsinn og dóttir kóngsins sjokkeruðu heiminn er þau giftu sig í maí 2004, aðeins tveimur vikum eftir að skilnaður hennar við fyrsta eiginmanninn gekk í gegn. Hver man ekki eftir myndbandinu You Are Not Alone? Við viljum öll gleyma þessu pari.*

**Marilyn Monroe og Arthur Miller** *Leikritahöfundurinn og skáldið Arthur Miller skildi við eiginkonu sína til 16 ára til að giftast innan mánaðar súperstjörnunni Marilyn Monroe. Miller og Monroe voru gift í fimm ár og voru á þeim tíma oft kölluð fegurðardrottningin og heilinn. Þetta var lengsta hjónaband Marilyn.*



# U PÖRIN

**Eddie Murphy** og **Melanie Brown** hafa vakið mikla athygli undanfarið, enda var frekar furðulegt par þar á ferðinni. Hér & nú valdi nokkur skemmtileg pör sem hafa vakið mikla athygli í gegnum tíðina.



**Woody Allen og Soon-Yi Previn** *Þetta er án efa furðulegasta par sem til er. Woody Allen var giftur leikkonunni Miu Farrow og var Soon-Yi ættleidd dóttir hennar. Woody var semsagt fósturfaðir Soon Yi. En Mia Farrow komst að sambandi þeirra er hún fann nektarmyndir af dóttur sinnar teknar af Woody í íbúð þeirra. Soon-Yi var 22 ára er samband þeirra komst í fréttirnar. Þau giftu sig í Feneyjum fyrir 10 árum.*



**Sean Penn og Madonna** *Það var ekki talað um neitt annað en Madonnu á þessum tíma. Hún var alls staðar. Sean Penn var þekktur fyrir fylleríin sín og slæma hegðun. Þau hefðu átt að vera hið fullkomna par en kannski var ekki nægt pláss í þessu sambandi fyrir bæði þessi stóru egó.*



**Tom Cruise og Katie Holmes** *Við misstum öll andlitið er Tom Cruise kynnti nýjustu ástina sína Katie Holmes fyrir heiminum. Þau byrjuðu að deita sumarið 2005 og giftu sig fyrir nokkrum vikum á Ítalíu. Það eru 11 ár á milli þeirra.*



**Anna Nicole Smith og J. Howard Marshall** *29. júní 1997 giftist blondínan Anna Nicole Smith olíugreifanum J. Howard Smith. Hann var 89 ára, hún 26 ára. Hann dó rúmlega ári seinna og stóð Anna í langri og strangri baráttu við fjölskyldu Marshalls um auðæfi hans.*



**Celine Dion og Renee Angelil** *Celine Dion kynntist Renee aðeins 12 ára gömul, en hann var umboðsmaður hennar. Um tvítugt féll Celine fyrir Renee og hafa þau verið saman síðan. Þau eiga einn son.*





**Eddie Murphy og Mel B** *Hversu furðulegt var þetta par? Hann bandarískur töffari og hún alveg ótrúlega bresk pía. Ekki gekk þetta upp hjá þeim og virðist þetta samband ætla að enda á sama hátt og umtalað samband Elizabeth Hurley og Stephens Bing. En hann neitaði því að vera faðir sonar hennar.*

# SKIPTUMST Á AÐ SINNA BÖRNUNUM

**Það er líf og fjör í kringum hjónin *Bryndísi Blöndal* verslunarstjóra og *Stefán Mána* rithöfund þegar þau klæða börnin sín *Helenu Mirru*, 5 ára, og *Kolgrím Mána*, 1 árs, í jólafötin í barnafataverslun Bryndísar sem ber heitið Gling-gló.**



**Vinsælt fatamerki** *„Gling-gló í kjallara Iðuhússins er fyrsta barnafataverslunin á Íslandi sem er bara með föt frá Lego. Innréttingar og allt innanstokks er einnig frá framleiðandandum, svokallað „shop in shop“ fyrirkomulag. Í versluninni er því mun meira úrval en áður hefur fengist af þessu vinsæla vörumerki.“*

„Gott er að vera á ferðinni snemma dags þegar börnin eru enn óþreytt og gefa sér góðan tíma,“ svarar Bryndís aðspurð hvaða ráð hún eigi um innkaup á jólafötum á yngstu meðlimi fjölskyldunnar. „Það hefur gefist mér vel að enda innkaupaferðir á kaffihúsi eða einhverri annarri skemmtan og nota það sem viðurkenningu fyrir góða hegðun í búðinni. Það virkar líka sem gulrót, því fyrr sem við klárum að máta, því fyrr förum við að hafa það huggulegt.

Auðvitað geta öll börn verið illa upplögð og ef sú er raunin mælum við með því að fá fatnaðinn lánaðan heim og máta í rólegheitum. Það er oft nauðsynlegt, sérstaklega með yngstu börnin, og slíka þjónustu veitum við fúslega. Ef lítill tími er til ráðstöfunar er líka gott að nota sér langan opnunartíma, skreppa út að kvöldi án barnanna, velja fatnað og fá lánaðan heim. Þannig er hægt að losna algjörlega við álagið sem fylgir verslunarferð með alla fjölskylduna.

Það er höfuðatriði að það sé auðvelt og þægilegt að hreyfa sig í fötunum. Eldri börnin sem klæða sig sjálf eru mjög ánægð með buxur með teygju í mittið eða auðveldum krækjum, það auðveldar líka þegar þarf að bjarga sér á snyrtinguna í flýti! Það skiptir líka máli að fötin séu litrík og falleg, tengingin yfir í Lego-leikfangaheiminn höfðar líka sterkt til þeirra.“

## Börnin vita hvað þau vilja

„Jólafötin fyrir strákana eru hæfilega sparileg, fötin eru mjög falleg en samt þannig að þau nýtast vel eftir hátíðarnar. Við flauelsbuxur er skyrta og prjónavesti við hátíðleg tækifæri, en einnig er hægt að fá peysur sem passa vel við buxurnar í skólann. Fyrir stelpurnar eru að sjálfsögðu kjólar, ermalausir í ár en með yndislegum bóleró-jakkapeysum við, sem nýtast vel á köldum vetri. Flauelspils, sokkabuxur og bolur eða blússa í jólalegum rauðum lit er líka tilvalinn kostur fyrir þær sem eru ekki kjólatýpurnar og notagildið ótvírætt.

*Nú ert þú gift rithöfundinum Stefáni Mána. Hjálpar hann þér við reksturinn?*

„Það kemur sér mjög vel að hann skuli vera sjálfstætt starfandi og geti hlaupið í skarðið þegar á þarf að halda. Hann afgreiðir í búðinni og er orðinn ansi fróður um vöruúrvalið,“ segir hún brosandi og bætir við: „Svo skiptumst við á að sækja Helenu í leikskólann og sinna Kolgrími. Sá síðastnefndi er enn heima og því hafður með á fundi og í hvers konar útréttingar hjá okkur báðum. Þetta er stundum talsvert púsl en okkur finnst það þess virði.“

*elly@365.is*



**þess virði að eiga fjölskyldu** *„Þetta er stundum talsvert púsl en okkur finnst það þess virði.“*



**Bryndís stendur vaktina frá klukkan 9–22** *„Það er opið til 22 alla daga vikunnar. Þetta er áreiðanlega fyrsta og eina barnafataverslunin sem býður upp á opnun á kvöldin,“ segir Bryndís.*



**Gott að vera gift rithöfundi** *„Það kemur sér mjög vel að hann skuli vera sjálfstætt starfandi,“ segir Bryndís aðspurð hvernig það er að vera gift rithöfundinum Stefáni Mána.*



**Fjölskyldan á bak við rithöfundinn** *Börn þeirra hjóna Helena Mirra, 5 ára, og Kolgrímur Máni, 1 árs, máta föt með mömmu og pabba fyrir jólin.*

Við opnum troðfulla antikbúð í gamla pósthúsinu Strandgötu 24 í Hafnarfirði

Kaupum og seljum!



Símar
552 8222
588 9595

# EYÐIR JÓLUNUM Í FAÐMI KONUNNAR SEM HÚN ELSKAR



**Eyðir jólunum heima**
*„Í ár ætla ég að eyða jólunum heima hjá mér með Dísu, konunni minni. Þetta verða fyrstu jólin okkar einar saman en við höfum alltaf skipst á að vera hjá mömmu minni og foreldrum hennar.“*

*Ljósmyndari: Hörður Sveinsson*

Jólaskapið kemur alltaf á fyrsta í aðventu, það klikkar aldrei. Það er eitthvað við þann dag, Ég bara vakna í jólaskapi og byrja strax að búa til aðventukransinn, skreyta og setja aðventuljósið í gluggann og hlusta á gömlu góðu jólalögin. Stundum hef ég meira að segja tíma til að baka nokkrar smákökur,“ segir Guðrún Lára Alfredsdóttir eða Nana eins og hún er best þekkt. „Fyrsti í aðventu er einn af mínum uppáhaldsdögum á árinu og ég elska hverja mínútu.“

*Áttu fallegar minningar frá jólunum síðan þú varst yngri?*
„Jólin hafa alltaf verið yndisleg. Mamma gerir langbesta jólamat í heimi en hún hefur alltaf verið með hamborgarhrygg. Ég var nú samt svo matvönd þegar ég var lítil að ég smakkaði aldrei jólamatinn, hvernig sem ég fór nú að því og vonaði nú alltaf að jólamatnum yrði sleppt og farið beint í að opna pakkana klukkan sex en sem betur fer smakkaði ég hamborgarhrygginn



**Mamma er best** *„Jólin hafa alltaf verið yndisleg. Mamma gerir langbesta jólamat í heimi.“*

ein jólin og eftir það hef ég alltaf hlakkað til þess allt árið að fá jólamatinn. Það eru engin jól sem standa samt upp úr eða ein minning betri en önnur, það er bara þessi stemning sem myndast yfir hátíðarnar sem situr í minningunni og breytist aldrei.“

## Eyðir jólunum í faðmi elskunnar sinnar

„Í ár ætla ég að eyða jólunum heima hjá mér með konunni minni, Dísu,“ segir Nana og það er áberandi hvað hún geislar þegar hún minnist á eiginkonu sína sem hún gekk að eiga í sumar. „Það verða fyrstu jólin okkar einar saman en við höfum alltaf skipst á að vera hjá mömmu minni og foreldrum hennar. Ég get ekki beðið, ég hlakka svo til að búa til okkar eigin jól. Við erum að flétta saman hefðir úr báðum fjölskyldunum sem okkur langar að halda í og svo eiga eftir að myndast okkar eigin hefðir í leiðinni. Það eru svipaðar matarvenjur hjá fjölskyldum okkar þannig að við þurfum ekki að gera neinar málamiðlanir í sambandi við matinn og reyndar bara engar málamiðlanir, við erum bara eins og eitt í þessum undirbúningi. Við hlökkum líka rosalega til að elda matinn en mamma ætlar að elda með mér í gegnum símann því við Dísa höfum aldrei eldað hamborgarhrygg áður. Það verður örugglega bara rosalega gaman og ég býst við mjög rómantískum og sætum jólum í rólegheitunum.“

*Nana sló heldur betur í gegn í Idol-keppninni fyrr á árinu. Okkur leikur forvitni á að vita hvort hún ætli að starfa við eitthvað tengt tónlistinni í bráð?*
„Nú er allt að gerast hjá hljómsveitinni okkar Dísu, The Nanas. Við byrjum í janúar með skothelt partíprógramm og verðum að spila á pöbbum í bænum og það munu verða algjörlega geðveik partí. Svo vorum við að fá æðislegan gítarleikara sem heitir Ingunn og erum að okkar mati sætasta stelpubandið í bransanum. Svo erum við að fara í stúdíó til Óskars Páls á næstu dögum og ætlum að taka upp þrjú ný lög og við vonum bara að það verði eitthvað úr því í framtíðinni en við erum að koma tónlistinni okkar á framfæri í fleiri löndum en Íslandi og erum með frábæra tengiliði í nokkrum löndum svo það verður spennandi að sjá hvað gerist... við allavegana gefumst aldrei upp og höldum alltaf áfram að semja og spila.“



**Mmmm...** *„Hlökkum til að elda matinn. Jólin verða örugglega rómantísk og sæt í rólegheitum.“*

*Hvað langar þig í í jólagjöf?*
„Ég er alltaf að fá þessa spurningu og ég bara hef ekki hugmynd um það,“ svarar hún sposk á svipinn og heldur áfram: „Við Dísa fengum svo mikið í brúðkaupsgjöf í sumar að okkur vantar ekkert og svo vorum við að koma heim frá Köben og þar náðum við að kaupa okkur ný föt. Það sem mér finnst samt skemmtilegast er að fá jólakort því ég enda alltaf aðfangadag uppi í rúmi í nýjum náttfötum og les öll jólakortin og borða konfekt. Það er algjörlega besta móment í heimi. Svo sofna ég í sæluvímu á eftir.“

*elly@365.is*



# NÝTT RAFRÆNT GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

## – einstakt gjafakort handa þínum nánustu

Gjafakort í miðborgina eru einföld og skemmtileg jólagjöf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
Hægt er að kaupa kortin í hvaða stærðareiningu sem er og einnig stöðluð. Stöðluðu kortin eru: kr. 2.500, 5.000, 10.000, 15.000 og 20.000. Sala gjafakortanna og þjónusta fer fram í Þjónustumiðstöð ferðamanna v/Ingólfstorg.

Aðrir útsölustaðir gjafakortanna eru:
Bókabúðin við Hlemm
Eymundsson, Austurstræti 18
Iða, Lækjargötu 2
Mál og menning, Laugavegi 18
Skífan, Laugavegi 26

**Allur pakkinn í einni gjöf!**

Yfir 200 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar
Einföld og skemmtileg jólagjöf
Tilvalin jólagjöf handa þínu starfsfólki
Bestu veitingahús borgarinnar á einum stað
Íslensk list, hönnun og handverk á einum stað
Þekktustu vörumerki heimsins á einum stað




**Hægt er að kaupa kortin á www.midborgarkort.is og í síma 8 28 28 28**

Miðborgarkort | Aðalstræti 2 | 101 Reykjavík | Sími 8 28 28 28 | info@midborgarkort.is



# ÁSTIN SKIPAR STÓRAN SESS

Hér & nú átti góða stund með ***Hönsu*** og ***Selmu*** sem ræddu um diskinn Sögur af konum sem þær gáfu út nýverið og með hverjum þær ætla að eyða jólunum í ár.

*Hvernig kynntust þið?*

**Selma:** „Við kynntumst nú fyrst þegar við vorum að leika saman í Grease í Borgarleikhúsinu árið 1998. Ég var að leika Sandy og Hansa Rizzo. Ég vissi samt alveg hver hún var og hafði séð hana leika í Hárinu áður.“

**Hansa:** „Ég vissi líka hver Selma var, ég sá hana syngja í spurningakeppni framhaldsskólanna og man hvað mér fannst hún syngja vel. Það kom mér því síður en svo á óvart þegar hún fékk hlutverk Sandy í Grease.“

*Líkaði ykkur strax vel við hvor aðra?*

**Selma:** „Mér líkaði strax vel við Hönsu. Ég skynjaði fljótt að þarna var vel gefinn töffari á ferð með góðan húmor og smitandi hlátur og vissi að við ættum eftir að ná vel saman. Svo slettir hún líka á dönsku sem mér finnst óendanlega skemmtilegt og fyndið.“

**Hansa:** „Já, það er óhætt að segja það, ég held að skrattinn hafi hitt ömmu sína og ég er þá amman.“

*Hafið þið unnið saman áður?*

**Selma:** „Hansa kom með mér til Jerúsalem þegar ég tók þátt í Eurovision árið 1999 og þar unnum við fyrst saman að tónlist.

**Hansa:** Já, svo höfum við gefið út annan dúettadisk sem heitir Sögur af sviðinu, þar sem við sungum þekkt söngleikjalög. Við gerum talsvert af því að syngja saman á árshátíðum og þess háttar enda miklu skemmtilegra að vera tvær saman.“

*Nú eruð þið báðar mæður. Hvernig gengur að vera útivinnandi leik- og söngkona með heimilishaldi og slíku?*

**Selma:** „Það getur verið púsluspil að vera leik- og söngkona ásamt því að vera móðir þar sem við þurfum oft að vinna á kvöldin og um helgar. Ég er svo heppin að eiga dásamlega foreldra og tengdaforeldra sem hjálpa okkur mikið. Án þeirra væri þetta varla hægt.“

***Framhald á næstu síðu***

**„Skrattinn hitti ömmu sína,“ svarar Hansa þegar þær Selma eru spurðar út í vináttu sína, en þær kynntust fyrir átta árum.**




Úrval af
pilsum,
kjólum
og
toppum
Tískuvöruverslunin
CHA*CHA
Glæsibæ



**Þær geisla báðar og eru fullar af orku. Gaman að sjá þegar konur taka sig til og gera hluti af einlægni og alúð.**

**Hansa:** „Já, ég segi það sama. Án mömmu og tengdaforeldra minna væri þetta varla hægt. Það er stundum rosalega erfitt að fara frá syni mínum til að vinna, en maður lætur sig nú hafa það. Þetta er mjög skemmtileg og gefandi vinna.“

**Selma:** „Já, heldur betur. Við héldum í byrjun að við myndum eiga í vandræðum með að fylla plötuna en á daginn kom að við þurftum að sleppa nokkrum prýðislögum. Við hefðum þurft að gera tvöfalda plötu til að koma öllum lögunum til skila.“

*„Við vildum líka að lögin og textarnir endurspegluðu höfundana sjálfa og vorum því ekki að biðja um ákveðna tegund af tónlist eða yrkisefnum.“*

*Hvernig varð hugmyndin að plötunni Sögur af konum til?*

**Selma:** „Þetta er hugmynd sem kom upp hjá okkur fyrir sirka tveimur árum. Við vorum að tala um konur í tónlist og áttuðum okkur á því hvað það kæmu út fá lög eftir konur. Við vildum breyta þessu og höfðum samband við konur sem við vissum að hefðu samið tónlist. Svo höfðum við líka samband við konur sem hafa samið texta en líka konur sem okkur finnast bæði mælskar og góðir pennar og báðum þær um að semja texta fyrir plötuna. Sumar þeirra eru að semja sína fyrstu texta á plötunni.“

*Tóku konurnar vel í þetta?*

**Hansa:** „Við erum líka sjálfar að semja einar í fyrsta sinn og það er eitthvað sem ég hefði gaman af að gera meira af.“

**Selma:** „Sama segi ég. Við gátum ekki verið eftirbátar hinna kvennanna og sömdum því lög og það var mjög skemmtilegt og gefandi.“

*Hvernig er ferlið við að búa til svona plötu?*

**Hansa:** „Þegar hugmyndin kviknar liggur beinast við að ræða við útgáfufyrirtæki og við töluðum við hann Eið útgáfustjóra hjá Senu. Hann tók strax mjög vel í hugmyndina og þá byrjaði boltinn fyrst að rúlla. Í sameiningu ákváðum við síðan að fá þá Kidda og Sigga í Hjálmum til að útsetja og pródúsera diskinn. Það var mjög skemmtilegt og gefandi samstarf sem við áttum við þá. Eins og Selma sagði áðan þá áttum við í erfiðleikum með að velja lög, því allar konurnar sem við töluðum við tóku svo vel í þetta. Við sáum eftir mörgum góðum lögum. Þar sem diskurinn heitir Sögur af konum, fengum við hana Silju Magg til að taka myndirnar fyrir plötuumslagið. Við reyndum sem sagt að hafa sem flestar konur með í för.“



*Var eitthvað sem kom ykkur á óvart í textum og lögum kvennanna?*

**Hansa:** „Í rauninni ekki. Lögin fjalla um allt á milli himins og jarðar, en auðvitað skipar ástin stóran sess. Hún gerir það nú reyndar hjá flestum karlkyns laga- og textahöfundum líka.“

**Selma:** „Við vildum líka að lögin og textarnir myndu endurspegla höfundana sjálfa og vorum því ekki að biðja um ákveðna tegund af tónlist eða yrkisefnum.“

*Þær Selma og Hansa eru glaðværar og talið berst að jólunum, með hverjum þær eru á aðfangadagskvöld og að töfrunum sem fylgja hátíðahöldunum.*

**Selma:** „Ég verð heima hjá mér í annað sinn. Bara ég, eiginmaðurinn og sonur minn. Við erum að skapa okkar eigin hefðir. Við verðum með hamborgarhrygg í matinn og ætlum að gera heimalagað rauðkál. Svo er auðvitað waldorf-salat með, brúnaðar kartöflur, bakaðar perur, rauðvínssósa og eitthvað fleira. Ég hlakka mikið til enda mikið jólabarn.“

**Hansa:** „Við verðum heima hjá okkur í fyrsta sinn og ég hlakka mikið til. Við verðum með rjúpur, en þær hef ég aldrei smakkað. Ég treysti manninum mínum fullkomlega til að gæla við bragðlaukana, enda er hann frábær kokkur.“

*elly@365.is*



# Ekta hvítlauksbrauð á aðeins

## 290 kr.-

BERNHÖFTSBAKARÍ
STOFNAÐ 1834

**Bergstaðastræti 13 - Sími 551 3083**
**www.bernhoftsbakari.is**

**Opið:** Virka daga 7.30 - 18.00 - Um helgar 8.00 - 17.00



Friðrik Ómar söngvari hélt jólaboð fyrir samstarfsfélaga sína um síðustu helgi. Hér & nú leit við og spurði söngvarann út í jólahaldið fram undan.




# JÓLASTUÐ HJÁ FRH

Með því að skrifa jólakort og hlusta á góða jólatónlist," svarar Friðrik Ómar samstundis aðspurður um hvernig hann komist í jólaskap og heldur áfram að svara þegar hann er spurður út í hefðirnar sem hafa einkennt jólin hjá honum í gegnum tíðina: „Það var alltaf gaman að vera á Dalvík. Þar ganga jólasveinarnir í hús og dreifa pökkum og kortum á aðfangadag. Æðisleg hefð sem hefur verið í meira en hálfa öld. Í ár fer ég norður til foreldra minna og ætla að borða þar góðan hamborgarhrygg. Síðan verð ég mikið á Dalvík hjá vinafólki mínu. Við spilum og höfum það notalegt. En fram að jólum mun ég fylgja eftir plötunni minni Annan dag. Síðan er ég líka í Tinu Turner Tribute á Broadway. Það er nóg að gera og skemmtilegt að vera til.“

Friðrik hugsar sig eilítið um þegar lokaspurningin er lögð fyrir hann, hvað langar hann í í jólagjöf?

„Utanlandsferð! Og bara eitthvert skemmtilegt spil. Eitthvað sem getur hjápað mér að gleyma stað og stund í stressinu.“

*elly@365.is*


**María og Heiða komnar í jólagírinn.**

# MÁNI TOPPAR TIMBERLAKE

Tónskáldasjóður 365 var kynntur til sögunnar á Hótel Borg í vikunni sem leið. Þar var Máni Svavarsson heiðraður fyrir vægast sagt ótrúlegan árangur á erlendri grund en hann náði besta árangri sem íslenskur tónlistarmaður hefur náð á breska smáskífulistanum. Latabæjarlagið eftir Mána fór beint í 4. sætið.


**Jakob Frímann Magnússon heiðrar Mána Svavarsson tónlistarmann með meiru.**

**Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlakona og Magnús Kjartansson tónlistarmaður.**



**Hljómsveitin Baggalútur mætti á svæðið.**





Hera Björk Þórhallsdóttir

Margrét Eir



Friðrik Ómar og Regína Ósk eru með pósurnar á hreinu. Kjóllinn hennar Regínu er alveg að gera sig.

# ÐRIKI ÓMARI



„Nei, Friðrik ekki hérna.“



„Slakaðu á elskan. Hérna fáðu þér sleikjó!“

Bjarni Arason og Rúnar Júlíusson.



Jóhanna Vilhjálmsdóttir, Sigmar Guðmundsson og Jakob Frímann Magnússon





Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Magnús Ragnarsson og Páll Magnússon.





Foreldrar Björgvins, Edda Björgvins og Gísli Rúnar ásamt Ladda í eftirminnilegu atriði úr áramótaskaupi Sjónvarpsins.



# TANNLÆKNAHÁRKOLLAN FRÁ PABBA SLÓ ALLT ÚT

Jólalögin, skreyta heima og baka með familíunni, það er alveg toppurinn. Jólahlaðborð er líka svakalega stemningsgefandi og afslöppun í leiðinni,“ segir Björgvin Franz Gíslason leikari aðspurður um jólastemninguna.

## Áttu fallegar minningar frá jólunum síðan þú varst yngri?

„Já, fullt af frábærum minningum. Foreldrar mínir hafa alltaf verið mikið stemningsfólk. Ég gleymi aldrei jólunum þegar við byrjuðum ekki að taka upp pakkana fyrr en eftir miðnætti,“ segir hann og útskýrir í einlægni að jólin hafi stundum byrjað svolítið seint á heimilinu. „Maður fékk alltaf geggjaða pakka. Þessi jól þá hafði ég óskað mér þess að fá reykvél í jólagjöf og hárkollu eins og tannlæknirinn var með í Hryllingsbúðinni þegar pabbi og Laddi léku þann söngleik í Gamla bíói á sínum tíma! Já, ég veit. Svolítið undarlegar jólagjafaóskir. Allavega, pabbi tók upp síðasta pakkann. Söng lagið úr Hryllingsbúðinni – Þú verður tannlæknir – og í ljós kom hvorki meira né minna en TANNLÆKNAHÁRKOLLAN sem pabbi lét sérútbúa fyrir mig. Þetta er ótrúlegasta jólaminningin,“ segir hann með ánægjuglampann í augunum.

## Hvar verður þú um jólin?

„Ég, konan mín og dóttir byrjum jólin hjá tengdó. Við borðum svínabóg og tökum upp pakka og förum svo til foreldra minna síðar um kvöldið og tökum upp pakka þar. Þannig að allir geta verið saman. Þetta er rosagaman.“

## Mikil vinna í desember?

„Já, það er nóg að gera í skemmtanabransanum og svo erum við með æðislega jóladagskrá uppi í Smáralind fram að jólum, í kringum helgarnar. Sýnum meðal annars jólaævintýrið um hann Skrögg, jólasveinarnir syngja og dansa með Erni Árna, Siggu Beinteins og Grétari Örvars og dansarar mæta með frábært dansatriði. Svo mætir einn gestur úr Búbbunum, þannig að það er nóg að gerast. Allur pakkinn á klukkutíma og það kostar ekkert inn.“

*elly@365.is*



Björgvin Franz Gíslason í Stundinni okkar.





50 kr.-

BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834

Bergstaðastræti 13 - Sími 551 3083
www.bernhoftsbakari.is

# Birkiaska

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239




BIRKIASKA

www.birkiaska.is

# Minnistöflur

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi






## STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI

Póstsendum um land allt

Heilsu-
hornið

Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn



Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson

**Hrefnu Rósu Jóhannsdóttur Sætran** kokki finnst tartalettur og kalkúnasamlokur besti jólamaturinn.

# KALKÚNASAMLOKA Á JÓLADAG

„Þótt ég fari til tengdamömmu í mat á aðfangadagskvöld ætla ég að elda mér kalkún," segir Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran kokkur. „Mér finnst svo gott að eiga afganginn af kalkúninum á jóladag og gera kalkúnasamlokur úr bringunum," segir Hrefna Rósa en bætir við að hún sé í rauninni ekki mikið fyrir að halda í jólahefðir þegar kemur að mat. „Jólin eru eiginlega aldrei eins hjá mér en ég er viss um að tengdamamma eldi eitthvað æðislegt handa okkur. Ég veit ekki hvað það verður en ég veit að við fáum heitt kakó eftir matinn."

Hrefna Rósa býr aldrei til eins fyllingar í kalkúninn og hún segir um að gera að fólk prófi sig áfram. „Ég fer bara út í búð og vel það sem ég sé. Ég veit hvað passar saman og hvað ekki. Ég held að allir geti lært að elda án uppskrifta en maður verður að þjálfa þetta upp og dettur svo allt í einu niður á eitthvað æðislegt."

Þegar Hrefna Rósa er innt eftir galdrinum að góðum kalkún segir hún nauðsynlegt að hann sé eldaður í langan tíma á lágum hita. „Til að hann verði ekki þurr er gott ráð að bleyta viskustykki í smjöri og leggja yfir hann. Þá rennur smjörið inn í fuglinn og hann verður ekki þurr," segir Hrefna Rósa sem borðar aðeins lærin á



**Hrefna Rósa** *Jólaboðin á heimili hennar eru fyrsta flokks. Hún er í kokkalandsliðinu og kærastinn hennar er þjónn.*

aðfangadagskvöldi svo hún eigi bringurnar í samlokuna á jóladag. „Annars er uppáhaldsjólamaturinn minn tartalettur og mér finnst alveg æðislegt að fá mér tartalettur og kalkúnasamlokur á jóladag. Þessar klassísku tartalettur eru í uppáhaldi hjá mér en þær eru með grænum baunum, hvítri sósu, kartöflum og hangikjöti."

Matarboðin á heimili Hrefnu Rósu hljóta að vera fyrsta flokks. Hún er meðlimur í kokkalandsliðinu en kærastinn hennar er þjónn. „Hann er líka duglegur í eldhúsinu og fær að elda líka en hann er enn duglegri við að þjóna."

## KALKÚNAFYLLING AÐ HÆTTI HREFNU RÓSU:

**200 gr valhnetur**
**200 gr þurrkaður ananas**
**200 gr beikon**
**6 sneiðar brauð**
**200 gr shiitake-sveppir**
**Rjómi**
**Laukur**
**Hvítlaukur**

Jólaliturinn í ár er án efa svartur

# SVARTUR UM JÓLIN



### Kvenleg snið handa öllum konum

„Liturinn um jólin er svartur, sem má skreyta með rauðum, fjólubláum eða bláum, en skartgripirnir eru í gulli og silfri," segir Signý Þóra Ólafsdóttir, verslunarstjóri í Marimekko. „Það er allt í tísku í sambandi við flíkina sjálfa, hún getur verið kjóll, pils eða falleg peysa sem hentar mun betur íslenskum aðstæðum en blússur og toppar. Sniðin eru kvenleg og ýta undir allt það besta sem konan hefur upp á að bjóða svo það skiptir ekki máli hvernig línur hennar eru," segir Signý Þóra og bætir aðspurð við að fötin frá Marimekko séu fyrir allan aldur. „Ungir hönnuðir eru að hanna fyrir ungu konurnar og aðrir hanna fyrir þroskaðar konur á öllum aldri."



H&N mynd Anton Brink

### Málið að klæða sig eftir veðri

„Svartur er alltaf í gangi á jólunum," segir Kristín Kristjánsdóttir fatahönnuður sem hannar undir merkinu Ryk og selur í versluninni Valrós á Akureyri. Kristín hefur hannað mikið af rúllukragabolum og kjólum fyrir jólin og hannaði kjólinn og leggingsbuxurnar sem hún er í á myndinni. „Gull og silfur er líka í gangi í dag og fallegir skartgripir enda verðum við að vera fínar á jólunum." Kristín segir mikilvægt að fólk klæði sig eftir veðri yfir hátíðarnar. „Það er líka svo gaman að vera með flotta loðkraga og falleg höfuðföt og nægt er úrvalið. Svo er um að gera að fara í fallega kápu við en kápur með A-snið eru afar vinsælar núna enda pínu Twiggy-stíll í tískunni."



H&N mynd Hörður Sveinsson



VEKTU
ENN MEIRI
ATHYGLI
ÞRÝSTNARI VARIR
Á SVIPSTUNDU
ÞEKJANDI VARALITUR
NÝTT
LIP VOLUMIZER
LIP VOLUMIZER
MF
COLOUR PERFECTION
VARALITUR &
LIP VOLUMIZER
Tvö þrep að þrýstnari
vörum á svipstundu.
Þrep 1 Lip Volumizer
- Kitlandi tilfinning og þú finnur
að varirnar verða þrýstnari.
Þrep 2 Colour Perfection
varalitur - Djúpur hreinn litur
á þrýstnar varir.
Þrýstnar og fallegar varir.
MAX FACTOR
THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS
www.medico.is



**Ásdís Svava sprangaði um á bikiníi í Bláa lóninu í danska spennumyndaflokknum Erninum sem sýndur er á RÚV. Hún sagði það ekki hafa verið mikið mál.**

Þeir sem fylgjast með Erninum í sjónvarpinu hafa eflaust tekið eftir Íslendingunum sem sýna snilldarleiktakta í þáttunum. **Ásdís Svava Hallgrímsdóttir** er ein þeirra. Við hittum Ásdísi og spurðum hana út í ævintýrið og hvort það hafi verið þolraun að spranga um á bikiníi við tökur á þáttunum.

# DRAUMI LÍKAST AÐ LEIKA Í ERNINUM

*Hvernig voru tökurnar á Erninum?*

„Allt starfsfólkið sem kom að Erninum var hreint út sagt yndislegt. Þetta var frábær upplifun í alla staði. Ég fékk að kynnast því hvað Danir eru alveg svakalega skipulagðir og góðhjartaðir. Það var alltaf passað upp á að mér væri ekki kalt og ég var svoleiðis klædd í snjógalla til að halda á mér hita á milli atriða. Einnig var alltaf passað upp á að ég væri ekki svöng, starfsfólkið var alltaf að smyrja ofan í okkur eitthvert gúmmelaði. Mér leið eins og prinsessu þarna í kringum þau. Mér fannst líka svo gaman að fá að kynnast íslensku leikurunum, það var alveg draumur í dós og líka að sjá hvernig allt fer fram við tökur á svona bíómynd/þætti. Auðvitað var þetta frábært fyrir mig að fá tækifæri til að vinna með svona fagfólki og lærði ég heilmikið af þessu sem ég mun taka með mér út í lífið. Það er líka gaman að segja frá því að dönsku stelpurnar sem voru með mér í Ungfrú heimi og Ungfrú Evrópu voru alveg rosaspenntar yfir því að sjá mig í þættinum og voru alveg að missa sig yfir þessu.“

*Hvernig var ferlið þegar þú varst fengin í prufu og síðan valin í verkefnið Örninn?*

„Þetta gerðist nú í kjölfarið á Ungfrú Reykjavík. Þremur dögum eftir Ungfrú Reykjavík-keppnina þá hringdi Elín Gestsdóttir framkvæmdastjóri Ungfrúar Íslands í mig og bað mig um að koma og hitta sig á skrifstofunni sinni. Mér var heldur betur brugðið og hélt að hún ætlaði að skamma mig eitthvað en mér fannst ég nú alls ekki hafa gert neitt rangt og var að reyna að finna út hvað í ósköpunum þetta gæti nú verið. En svo segir hún mér að maður hefði haft samband við sig frá danska spennumyndaþættinum Erninum og vildi hann endilega fá mig í prufu. Ég varð náttúrulega upp með mér og þvílíkt spennt og vildi auðvitað fá að spreyta mig í þessum prufum.

Prufurnar fóru fram í Sjónvarpshúsinu og var þetta heldur betur einfalt. Fyrst var bara tekið myndband af mér að ganga. Svo þurfti ég að leika smá fyrir kameruna. Það var minnsta mál og gerði ég nú bara akkúrat það sem hann vildi að ég myndi gera. Svo var mér sagt að haft yrði samband við mig um páskana og mér sagt hvort ég hefði verið valin eða ekki. Ég pældi lítið í þessu og gerði mér ekki miklar vonir um að vera valin

því ég vissi af nokkrum stelpum sem fóru líka í prufuna og þær voru rosaflottar. En viti menn, svo var hringt í mig nokkrum dögum seinna og sagt að Danirnir vildu ólmir fá mig í hlutverkið og ég gat náttúrulega ekki annað en hoppað af kæti.“

*Gerðist eitthvað skemmtilegt á settinu þegar þú varst að leika. Eitthvað sem sjónvarpsáhorfendur sjá ekki?*

„Nú þarf ég aðeins að hugsa. Það gerðist reyndar eitt mjög fyndið en það gerðist í atriði sem verður í næsta þætti þannig að ef ég segi ykkur frá því þá er ég búin að kjafta algjörlega frá og það er bannað. Segi ykkur það bara þegar búið er að sýna þáttinn.“

*Hallgrímur eða Jens Albinus nær í gegn – kannski af því hann er hálfíslenskur. Er hann eins mikill sjarmör og hann virðist vera í þáttunum?*

„Já, það fannst mér. Hann var rosalega rólegur og yfirvegaður og alls ekki með stjörnustæla. Þegar ég talaði við hann þá þeytti hann svoleiðis af sér brandarana að ég átti stundum í erfiðleikum með að halda hlátrinum í lágmarki.“

*Var ekki draumi líkast að vera með í þessu?*

„Jú, það má segja það. Það að ég fékk þetta hlutverk kom náttúrulega eins og þruma úr heiðskíru lofti því ég var ekkert að sækjast eftir því. Auðvitað er það draumur margra að fá að leika í bíómynd eða sjónvarpsþætti og ég hafði aldrei getað ímyndað mér að ég ætti eftir að gera það. En svona er nú oft gaman að lifa, svo margt sem kemur manni á óvart og gerir lífið enn skemmtilegra.“

*Fannst þér ekkert erfitt að vera á bikiníi í Bláa lóninu við upptökur?*

„Það var kannski ekki beint erfitt. Ég hafði náttúrulega öðlast smá reynslu í því að koma fram á bikiníi þar sem ég hafði tekið þátt í Ungfrú Reykjavík. En ég verð nú samt að viðurkenna að það var heldur betur óþægilegt svona í byrjun. Því allt krúið og allir sem að tökunum komu voru náttúrulega að horfa á mig eina vera að labba ofan í lónið á bikiníi og auðvitað þurfti að taka atriðið upp aftur og aftur. Það sem mér finnst frekar fyndið er að þetta litla atriði sem kom með mér í þættinum á sunnudaginn tók alveg heilan dag að taka upp. Það er að segja ég og gamli kærastinn minn þurftum að kela og knúsast í heilan dag,“ segir hún og skellihlær.

„Ég hef einmitt fengið smá viðbrögð við þessu



**Ásdís Svava, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir og Soffía Rún Kristjánsdóttir stilla sér upp í keppninni Ungfrú Reykjavík 2006.**



**Atriði í þáttunum voru tekin upp í Sjónvarpshúsinu í Efstaleiti. Þar þóttu aðstæður kjörnar til að skapa skrifstofustemningu í Erninum.**

**„Það sem mér finnst frekar fyndið er að þetta litla atriði sem kom með mér í þættinum á sunnudaginn tók alveg heilan dag að taka upp."**

og þá held ég að allir hafi spurt mig sömu spurningarinnar, hvort mér hafi ekki fundist óþægilegt að vera að knúsast með einhverjum sextugum karlmanni. Auðvitað var það skrýtið svona fyrst en þetta er jú auðvitað bara leikur og leikarinn sjálfur var svo æðislegur þannig að hann gerði þetta ekkert óþægilegt. En fyrir þá sem bíða spenntir þá verð ég miklu meira í næsta þætti sem er líka lokaþátturinn í þriðju seríu, þannig að það er eins gott að það fylgist nú allir með.“

*Fékkstu ágætislaun fyrir leikinn?*

„Já, ég fékk fín laun fyrir þetta og alveg mjög ásættanleg miðað við að ég er nú ekki lærður leikari eða neitt svoleiðis og auðvitað var þetta nú ekkert stórt hlutverk sem ég fór með. En auðvitað eru laun alltaf leyndó.“

*Hvað er fram undan hjá þér núna?*

„Ég er nýbyrjuð að vinna hjá Straumi-Burðarási og líkar alveg rosalega vel. Ég verð að vinna þar fram í endaðan ágúst á næsta ári. Ég þurfti að taka mér árs frí frá Verzlunarskóla Íslands út af keppnunum sem ég fór í. En ég ætla mér að klára lokaárið í Versló næsta haust. Mér finnst rosalega gaman og mikilvægt að læra og ætla svo sannarlega að fara beint í háskólanám að Versló loknum. Svo er ég alltaf opin fyrir nýjum verkefnum og vona að það komi eitthvað skemmtilegt upp á næstunni.“

*Hvernig ætlar þú að halda jólin?*

Foreldrar mínir og bróðir, sem er 8 ára, búa á Ísafirði en ég er fædd og uppalin þar. Ég mun því halda jólin með þeim en í ár verður stopp mitt á Ísafirði heldur betur stutt því ég þarf að vinna á milli jóla og nýárs. Yfirleitt hef ég alltaf verið í jólafríi í 3 vikur heima á Ísafirði en núna verða þetta bara 3 dagar yfir blájólin. Bróðir minn sem er 16 ára er að koma heim frá Noregi því hann er í skíðaskóla þar og ég hlakka ekkert smá til að hitta hann því ég hef ekki séð hann almennilega í hálft ár. Amma og afi í móðurætt skiptast alltaf á að vera hjá börnunum sínum um jólin og ætla þau að vera hjá okkur í ár. Ég ætla mér bara að njóta þess að vera í faðmi fjölskyldunnar, hreyfa mig, lesa góða bók eða prjóna því þannig líður mér best. Við borðum yfirleitt hamborgarhrygg um jólin og svo finnst mér hangikjöt, kartöflur og uppstúfur alveg hrikalega gott svona um jólin.

En þegar ég kem aftur suður þá ætla ég að njóta þess að vera með vinkonum mínum sem ég hef haft svo lítinn tíma til að vera með undanfarið og lesa góðar bækur. Einnig finnst mér fátt skemmtilegra en að prjóna eða hekla um jólin. Svo mun ég eyða áramótunum í fyrsta skipti fyrir sunnan og það er ekki alveg komið á hreint hvort að mamma og pabbi ætli að vera þar líka en annars mun ég bara vera hjá systur hennar mömmu og fjölskyldu sem ég bý hjá enda eru hún og maðurinn hennar mér eins og foreldrar. Ætli ég endi svo ekki á því að kíkja með vinkonum mínum í einhver áramótapartí. Annars vil ég ekkert vera að skipuleggja of mikið því þá fer allt-af eitthvað úrskeiðis.“

*elly@365.is*

**Hallgrímur (Jens Albinus) starfar í þáttunum náið með hinum íslenska kollega sínum Eggerti, leiknum af Arnari Jónssyni, í leitinni að Bosco, sem staddur var á Íslandi í illum erindagjörðum.**



**Við upptökur á Erninum á Íslandi nú í sumar.**



## Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)

### Ekki lifa í falskri ímynd



Vala Flosadóttir
fædd: 16. febrúar 1978

*Þú ættir að umgangast náunga þinn sem jafningja öllum stundum og einnig er þér bent á að eyða ekki tíma þínum í að óska þess að þú sért á öðrum stað að gera eitthvað annað. Ef þú leitar að öryggi ættir þú að hefja leit þína innra með þér til að byrja með en hér tengist farsæld breytingunum sem um það bil eru að verða að veruleika. Ef þú lifir í falskri ímynd um eigin mikilfengleika á einhvern hátt ættir þú að leysa orku þína úr læðingi og sætta þig við sjálfið eins og þú í rauninni ert. Ekki nota orku þína til að sýnast vera eitthvað sem þú ert ekki.*

## Fiskarnir (19. feb.–20. mars)

### Hættu að ásaka aðra



Gísli Marteinn Baldursson
fæddur: 26. febrúar 1972

*Blómið streitist ekki á móti því að breytast, þroskast og vaxa og það ætti einnig að eiga sérstaklega vel við þig framvegis ef þú ert fædd/ur undir stjörnu fiska. Þér kann að veitast erfitt að takast á við líðan þína um þessar mundir. Birta umlykur þig og gjörðir þínar og draumar þínir og langanir verða samstíga löngunum lífs þíns. Hættu að ásaka aðra og líttu fyrir alla muni betur í eigin barm.*

## Hrúturinn (21. mars–19. apríl)

### Hugaðu að því sem er gott



Bjarni Ármannsson
fæddur: 23. mars 1968

*Færðu þig nær innri kjarna þínum. Gerðu daginn í dag dýrðlegan og ekki hika við að tengja þig við sjálfið með því að sitja jafnvel hljóð/ur í fimm mínútur. Þú reynir vikuna framundan að gefa eins mikið og þú ert fær um og sækist að sama skapi eftir ást og ástríðum. Fylgdu innri vissu þinni og hugaðu gaumgæfilega að því jákvæða og dásamlega sem þú upplifir.*

## Nautið (20. apríl–20. maí)

### Þrjóskan tefur fyrir þér



Unnur Steinsson
fædd: 27. apríl 1963

*Ef þú hefur þörf fyrir viðurkenningu ættir þú að byrja á því að hefja leit þína að innri löngun og virkja sjálfið. Nautið birtist hér sem þrjósk manneskja sem gleymir af einhverjum ástæðum að virkja eigin hæfileika þegar mikið liggur við, hafðu það hugfast þegar líða tekur að jólum og reyndu að breyta því meðvitað.*

## Tvíburarnir (21. maí–21. júní)

### Ekki berjast gegn tilfinningunum

*Ekki berjast gegn tilfinningum þínum því jákvæð upplifun bíður þín og hafðu hugfast að því meiri kærleikur og góðvild er til staðar, því fyrr verða breytingar. Þú ert manneskja sem þarft að vera á meðal fólks með rétt viðhorf til lífsins og ættir ekki að taka annað í mál. En ef einhver kærkomin/n þér dregur mátt úr þér andlega og jafnvel líkamlega ættir þú að eyða tíma þínum í mikilvægari hluti sem efla þig sjálfa/n. Hugaðu betur að því sem eflir þig.*



Eyrún Huld Haraldsdóttir
fædd: 29. maí 1981

**Eyðum jólunum fyrir austan**

*„Það er reyndar allt brjálað hjá mér þessa dagana – prófin á fullu og ég með bunkana til að fara yfir. Svo það er lítill undirbúningur í gangi – nema hvað týpísku jólagjafaleitina og jólainnkaupin varðar. Við fjölskyldan förum austur á land um jólin og eyðum þeim með fjölskyldum okkar þar.“*

## Krabbinn (22. júní–22. júlí)

### Veldu í stað þess að láta velja þig



Guðrún Gunnarsdóttir
fædd: 22. júní 1963

*Þú vilt verða ástfangin/n upp fyrir haus, af þér og af lífinu, en þínar innstu þrár eru öflugar um þessar mundir. Gleðin við að gefa er vægast sagt undursamleg og þú ert meðvitaður/meðvituð um það vissulega. Hér birtist einhver útkoma sem uppfyllir óskir þínar og þrár. Þú laðast að ævintýrum, þekkingu og jafnvel leynimakki af einhverjum ástæðum og ættir að huga vel að því hvað þú velur. Þú kýst að lifa ævintýri þín og ert alveg til í að takast á við það óþekkta. Þú birtist hér mjög forvitin/n og nýtur þess að þefa uppi leyndarmál annarra. Veldu í stað þess að láta aðra velja þig.*

## Ljónið (23. júlí–22. ágúst)

### Aðstoðaðu aðra í meira mæli



Arnór Guðjohnsen
fæddur: 30. júlí 1961

*Mannleg samskipti veita þér mikla gleði og færir sjálfið á hærra stig. Þú finnur eflaust fyrir þægilegri jarðtengingu sem eflist hvern dag hér eftir og innri ró sem ýtir undir friðinn sem býr í hjarta þínu. Næsti kafli sem þú ert um það bil að ganga inn í sýnir þig í góðu jafnvægi þar sem bjartsýni og friður einkennir þig. Láttu aldrei bregðast að aðstoða aðra.*

## Meyjan (23. ágúst–22. sept.)

### Þér virðist leiðast



Elva Ósk Ólafsdóttir
fædd: 24. ágúst 1964

*Reyndu ekki að trufla leiðir náungans því allir verða að finna sínar eigin leiðir og ná eigin markmiðum á sinn hátt. Gerðu þér einnig grein fyrir því að þegar þú gefur af þér margfaldast styrkur þinn. Þú kemur fram af hlédrægni við náungann og beitir skynsemi og hittir því í mark öllum stundum. Bjartsýni þín er aðdáunarverð án efa en þú ættir aldrei að leyfa þér að gleyma einkunnarorði meyju sem er uppljómun. Ef þér leiðist starf þitt eða ert jafnvel undir miklu álagi ættir þú að einbeita þér betur að því að hreyfa þig og efla anda þinn og sálu.*

## Vogin (23. sept.–23. okt.)

### Ekki bæla niður líðan þína



Guðmundur Jónsson
fæddur: 11. október 1962

*Skilaboðin til þín eru skýr í dag: Þú skalt gera öðrum það sem þú vilt að aðrir gjöri þér. Ekki hika við að segja hug þinn og ekki hika við að leita aðeins inná við. Hér ert þú minntur á að það er oft á tíðum betra að vera hljóð/ur og segja jafnvel ekkert en að láta út úr sér vanhugsuð orð sem þú gætir séð eftir síðar. Ef þú tileinkar þér að bæla með þér neikvæðar tilfinningar þá kemur að því fyrr eða síðar að hinar jákvæðu fylgi á eftir og heldur þannig hugsanlega áfram ef þú gerir ekkert í því. Hlustaðu á eigin líðan fram að jólum.*

## Sporðdrekinn (24. okt.–21. nóv.)

### Hreinskilni þín getur sært



Flosi Ólafsson
fæddur: 27. október 1929

*Opnaðu fyrir tilfinningagáttir þínar meðvitað. Sporðdrekinn ætti að vera vakandi yfir raunverulegri ábyrgð sinni á þessum árstíma og muna að tilfinningar eru staðreyndir. Þér er ráðlagt að treysta náunganum. Þú virðist oft á tíðum særa aðra með hreinskilni þinni. Draumar þínir bíða þess að þú opnir huga þinn og leyfir þér að trúa á krafta þína. Ekki láta þér detta í hug að neita innra með þér að njóta stundarinnar af því að hún er ekki eins og þú hefðir kosið að hún væri. Gríptu hvern dag eins og hann væri þinn síðasti.*

## Bogmaðurinn (22. nóv.–21. des.)

### Ekki einblína bara á útlitið



Eyþór Arnalds
fæddur: 24. nóvember 1964

*Minningar og langanir vefa hér örlög þín miðað við stjörnu bogmanns í desember. Um leið og þú gerir þér grein fyrir því að sál þín er vitund sem er afmörkuð og að valið er alfarið í þínum höndum þegar tilvera þín er annars vegar byrjar þú að framkvæma verk sem aðstoða náungann og sér í lagi þig sjálfa/n. Hér umlykur öryggi og ástúð hjarta þitt þar sem þú virðist njóta þín mjög vel. Prufaðu að bregðast við á hverju andartaki án nokkurrar hugsunar um sjálfa/n þig eða með áhyggjur af þér eða hvað aðrir hugsa um þig eða útlit þitt.*

## Steingeitin (22. des.–19. jan.)

### Slepptu takinu á fortíðinni



Bjarni Felixson
fæddur: 27. desember

*Tileinkaðu þér að kalla fram uppsprettu krafta þinna og það jákvæða sem býr innra með þér. Sál þín blómstrar og þitt eigið sanna eðli eflir þig þar sem þú upplifir þinn hreina anda. Mættu þörfum þínum með því að óska þér allsnægta og gefðu af þér öllum stundum. Slepptu takinu á fortíðinni og gakk áfram með hjarta þitt fullt af kærleik og skilningi. Hér birtast vegamót sem þú ert um það bil að ganga í gegnum og ættir að ákveða hvora leiðina þú kýst að velja.*

# Sérsmíðum

sófa og stóla

fyrir heimili,
veitingahús
og stofnanir.

Leitaðu frekari upplýsinga hjá okkur.

Kontúra
Húsgögn

Lyngás 11 // 210 Garðabær // Sími 564 3456

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



# MEISTARINN




## Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN



## Augnháralitur og augnabrúnalitur

**TANA Cosmetic**

Augnháralitur og augnabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið.
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir

## Trind handsnyrtivörur alltaf no. 1
## Nú Nýtt

Nail Antibite til að Hætta að naga neglur.

For Girls Only Aðeins fyrir stelpur

Traveling set ferða sett



pompea



**Ýmsar gerðir af sokkabuxum frá Pompea.. Vandaðar og þægilegar.**






## FYRIR SNYRTISTOFUR - SNYRTIFRÆÐINGA



**Snyrtifræðingar:** Fyrir snyrtistofur, nánast allar rekstrarvörur á lager, þar á meða tattoo vélar og litir. Orenna augnbrúnalitur í 20 ml. túpum sem er til í 7 litum, gel festir 6% og vökvafestir 3%, eingöngu stofuvara. Einnig Tana og Berrywell augnbrúnalitir.





**Naglafræðingar:** Millenium nails, gel margar gerðir, efni fyrir acrylic neglur, mikið af naglaskrauti, nagla vinnuborð, nagla ofnar, airbrush sprautur, töskur og allt sem þarf.

**Fótaaðgerðafræðingar:** Til á lager vinnustólar, úðaborar margar gerðir, silicon, Sixtus fótavörur og ýmislegt annað.

**Nuddfræðingar:** Nuddbekkir til á lager, einnig glæsilegir ferðanuddbekkir og nuddtæki. Nuddolíur frá Sixtus í 5 lítra brúsum ásamt öðrum olíum í 1 lítra og 1/2 líters umbúðum. Einnig nuddkrem í 1/2 kg. umbúðum. Einnig grenningarleir í 5 kg. umbúðum og 1/2 kg.

**Vinnuljós** með stækkunargleri, lampar, gufur og margt fl.

**S. Gunnbjörnsson ehf. Iðnbúð 8. 210 Garðabæ. S: 565 6317.**




*Líklegast bestu pizzur heims!*


BRAGAGÖTU 38A - 101 REYKJAVÍK - SÍMI (TEL.) 562 • 38 •38
www.eldsmidjan.is - **Heimsending sími 562 38 38**

Grafíska smiðjan ehf. 06.06